



Borgarráð Reykjavíkur,  
Tjarnargötu 11,  
101 Reykjavík.

30. nóvember 2020

Tilv. BsR20110033

### **Efni: Beiðni um aðgang að skjölum um Arnarholt**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði þann 12. nóvember sl. þar sem óskað er eftir því að borgarráð fái öll gögn sem eru fyrirliggjandi hjá Reykjavíkurborg um rekstur vistheimilisins í Arnarholti, hvort sem það eru fundargerðir, skýrslur, minnisblöð, vitnaleiðslur eða úttektir tæmandi talið. Óskað er eftir öllum gögnum frá opnun heimilisins 1945 þar til því var lokað og starfsemin flutt á borgarspítalann.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er héraðsskjalasafn í eigu Reykjavíkurborgar og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Borgarskjalasafni barst umrædd fyrirspurn borgarráðs þegar hún var send þjónustu- og nýsköpunarsviði til umsagnar þann 16. nóvember sl. sem áframsendi hana til safnsins.

Í varðveislu hjá Borgarskjalasafni er töluvert af skjölum er varða starfsemi Arnarholts frá upphafi 1945 til lokunar 1996. Borgarspítalinn var rekinn af Reykjavík frá 1967 til ársins 1996 þegar hann sameinaðist St. Jósefsspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur voru stofnuð.

Skjöl um Arnarholt eru því varðveitt í skjalasöfnum fjölmargra afhendingarskyldra aðila, má þar nefna helsta borgarstjóra, borgarlækni, heilbrigðismálaráð, fjölskyldueild félagsmálastofnunar og borgarspítalann. Gögnin er óvenju viðamikil og rúmlega áætlaður fjöldi þeirra er 2-3 þúsund skjöl.

Um aðgang borgarráðs að umbeðnum skjölum gilda m.a. ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt 28. gr. laganna, eiga sveitarstjórnarfulltrúar rétt á að skoða gögn og upplýsingar úr stjórnsýslunni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn og eru þeir bundnir trúnaði um þær upplýsingar sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara skv. ákvæðum stjórnsýslulaga. Nánar er mælt fyrir um framkvæmd aðgangs borgarfulltrúa að gögnum í 35. gr. Samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar frá 8. nóvember 2019. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar. Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Hluti skjalanna teljast til trúnaðarskjala þar sem þau varða viðkvæmar persónuupplýsingar og ekki hægt að afhenda borgarráði þau til umfjöllunar án þess að afmá úr skjölunum persónugreinanleg auðkenni. Ljóst er að umrædd gagnabeiðni borgarráðs er umfangsmikil og tímafrek, sem krefst töluverðrar undirbúningsvinnu.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til við borgarráð að sett verði upp trúnaðarherbergi í húsnæði Borgarskjalasafnsins að Tryggvagötu 15, 3. hæð, þar sem borgarfulltrúum verður gefinn kostur á því að koma á fyrirfram tilgreindum tíma og kynna sér þau skjöl um Arnarholt sem varðveitt eru hjá Borgarskjalasafninu gegn undirritun sérstakrar trúnaðaryfirlýsingar.

Veittur yrði ***lesaðgangur að skjölunum*** á grundvelli 31. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, en heimilt er að veita aðgang að þeim ef ætla má að hægt sé að verða við beiðni um aðgang án þess að skerða þá almanna-og einkahagsmuni sem ákvæðum V. og VI. kafla laganna er ætlað að vernda.

Samþykki Borgarskjalasafns Reykjavíkur væri þannig bundið skilyrði um undirritun trúnaðaryfirlýsingar sbr. 32. gr. laganna þar sem í skjölunum er að finna viðkvæmar persónuupplýsingar, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Borgarfulltrúum er því gefinn kostur á að mæta í afgreiðslu safnsins ***miðvikudaginn 9. desember næstkomandi milli kl. 13-15*** og lesa skjölin um Arnarholt gegn undirritun sérstakrar trúnaðaryfirlýsingar, eins og áður hefur komið fram. ***Sá sem fær aðgang að skjölum með þessum hætti má ekki birta, afhenda eða nota upplýsingar sem hann hefur þannig fengið aðgang að á annan hátt en mælt er fyrir um í leyfi þessu sbr. 33. gr. laganna.***

Hér fyrir neðan má sjá skjalasöfn afhendingarskyldra aðila ásamt efnisyfirliti þeirra:

Skjalasafn	Staðsetning	Efnisyfirlit
Borgarlæknir	Askja 6	Skoðun - nóv 1951 Arnarholt, Elliðavatn og Upptökuheimilið Elliðahvammur
Borgarspítalinn	Askja 14	Bréfa og málasafn A 1970-1996
Borgarspítalinn	Askja 1	fundargerðir sjúkrahússnefndar frá 1945-1970
Borgarspítalinn	Askja 2-4, 7-9	fundargerðir stjórnar sjúkrastofnana 1975-1999
Borgarspítalinn	Askja 22	Bréf og málasafn 1979-1998 ofl.
Borgarspítalinn	Askja 31	Bréfa og málasafn K 1977-1997
Borgarspítalinn	Askja 77	Arnarholt 1978-1984, greinargerðir, umfjöllun
Borgarspítalinn	Askja 120	Arnarholt deildir 33-35. starfsemi. Tillögur um breytingar. Fyrirhuguð lokuð. Samningur um rekstur frá 1992-1995. Samvinna við arnarholt - heimsóknarskýrsla
Borgarspítalinn	Askja 144	Húsnæðismál 1979-1992 - Arnarholt - Hvítabandið
St. Josefsspítali Landakoti.	Askja 32	Arnarholt 1997-1998
Borgarverkfræðingur byggingadeild	Askja 63	Arnarholt 1977-79, 1972-77, um viðhald og framkvæmdir
Borgarverkfræðingur byggingadeild	Askja 88	Starfsmannaheimilið 1964 að Arnarholti
Borgarverkfræðingur byggingadeild	Askja 93	2. áfangi byggingar að Arnarholti 1972
Borgarverkfræðingur byggingadeild	Askja 211	2. áfangi byggingar að Arnarholti 1972
Skrifstofa borgarstjóra	Askja 15873	Arnarholt 1944-1952

Heilbrigðismálaráð	Askja 17681	Könnun heilbrigðismálaráðs v/vistheimilis í Arnarholti
Skrifstofa borgarstjóra	Askja F-324	Fávítahæli 1961-1967
Húsameistari Reykjavíkurbæjar	Askja 3850	Skilagrein I og II Byggingameistara vegna Arnarholts
Fjölskyldudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur	Askja 1165	Málefni fatlaðra. Vistheimilið í Arnarholti 1950-1968

Virðingarfyllst,



Svanhildur Bogadóttir

borgarskjalavörður